



Landssamband æskulýðsfélaga

10. fundur stjórnar 2009 – 2010
Haldin á skrifstofu félagsins í Hinu húsinu kl. 10:45
16. febrúar 2010

Mættir: Unnur Hjálmarsdóttir (UH), Sindri Snær Einarsson (SSE), Raket Brynjólfssdóttir (RB) og Auður Geirsdóttir (AuG). Einnig sat Hildur Tryggvadóttir Flóvenz (HTF) framkvæmdastjóri fundinn.

Fundur settur: 10:55

Eftirfarandi fór fram á fundinum:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar samþykkt samhljóða.

2. Frá framkvæmdastjóra

HTF sagði frá því að námskeiðið í bókhalds og skattskilum félaga hafi gengið mjög vel og mikil ánægja með námskeiðið og einnig kynningin á EUF sem fram fór í janúar.

HTF lagði fram ársreikninga eftir breytingar sem gerðar voru vegna athugasemdar stjórnar á síðasta fundi. Ánægja með reikninginn og HTF falið að hafa samband við skoðunarmenn.

HTF sagði frá því að Gerða Bjarnadóttir bókarinn okkar hefði áhuga á að halda áfram að bóka fyrir okkur. HTF falið að gera nýjan samning við hana.

Fjöldi gesta á heimasíðu félagsins í janúar voru 259.

HTF sagði frá því að kaffivélin sem er á skrifstofufélagsins og er í eigu SÍF væri ónýtt. HTF hafði rætt við starfsmanna SÍF hvort félögin ættu að kaupa saman vél. Samþykkt að veita allt að 75.000kr í kaffivélakaup og HTF falið að kanna málin.

HTF lagði til að tekin yrði mynd af stjórn og sett upp á vegg hjá félaginu. Ákveðið að allir mæti tilbúnir til myndatöku á næsta stjórnarfund.

HTF sagði frá því að hringt hefði verið frá Veraldarvinum og þeir lýstu mikilli ánægju með starfið í LÆF undanfarna mánuði. Einnig óskuðu þeir eftir því að bjóða LÆF í heimsókn til sín. Ákveðið að HTF heyrði í þeim og biddu þau að finna tíma og við kæmum svo.

3. Frá æskulýðsráði

Engar nýjar fréttir voru frá Æskulýðsráði að þessu sinni en fundur í ráðinu er á döfnni í vikunni.

4. Opín dagur LÆF og aðildafélaga

Farið var yfir verkplanið og uppkast að dagskrá. Allir munu vinna áfram að sínum verkefnum á planinu. Minnt á að nota skjalið á googledocs í skipulaginu.

5. Lifandi bókasafn

HTF lagði fram uppkast að framkvæmdaáætlun fyrir verkefnið Lifandi bókasafn. Ánægja var með planið og HTF falið að senda það til Menntamálaráðuneytis. HTF mun áfram vinna að verkefninu og AuG mun kíkja á bókina um Lifandi bókasafn og skoða málin.

6. Spurningakönnun aðildarfélaga

HTF sagði frá því að átta svör hefðu borist í spurningakönnuninni og nokkuð almenn ánægja væri með starfsemi LÆF í þeim svörum. AuG og HTF falið að vinna betur úr könnuninni og kynna á næsta fundi.

7. Aðkoma að Sóknaráætlun 20/20

Rætt var um hvað LÆF ætti að gera varðandi aðkomu að Sóknaráætlun ríkisstjórnarinnar 20/20. Ákveðið var að senda bréf til stýrihóps Sóknarnefndarinnar þar sem LÆF lýsir áhyggjum og vonbrigðum yfir því hve lítið að ungu fólki kemur að áætluninni og benda á þær leiðir sem LÆF hefur áður lagt til að farin verði til að tryggja aðkomu ungs fólks. LÆF mun svo áfram fylgjast með vinnunni og minna á það reglulega að mikilvægt sé að fram komi í áætluninni að setja eigi stefnu í æskulýðsmálum hér á landi. Einnig ákveðið að benda á heimasíðu sóknaráætlunarinnar í póstlista og benda á að þarna sé tækifæri fyrir áhugasöm félög að koma skoðunum sínum á framfæri.

8. Alþjóðastarf

- a) HTF sagi frá spennandi námskeiði hjá Evrópráðinu í Strassborg. Auglýsing um það fór á póstlistann en umsóknarfresturinn til að sækja það er útrunninn
- b) HTF sagði frá því að YFJ hefði komið á fót fréttabréfi sem heitir Youth Policy Watch. Í því fréttabréf verður fylgst með þróun æskulýðsmála á Evrópuvísu. HTF hafði þegar skráð netfang LÆF í áskrift að fréttabréfinu og benti stjórnarmönnum á að þeir gætu skráð sig sjálfir hefðu þeir áhuga.
- c) HTF sagði frá borist hefði bréf frá YFJ þar sem óskað er eftir því að félög segji hvort þau hafi áhuga á að YFJ haldi námskeið undir heitinu Advocacy training. Þetta kemur í kjölfar fundar framkvæmdastjóra aðildarfélaga YFJ sem haldin var í október 2009. Ákveðið að lýsa yfir stuðningi við að námskeið að þessu tagi verði haldið.
- d) HTF sagði frá því að boð hefði borist frá YFJ um að taka þátt í EU-China youth leader summit í maí í Shanghai. Boðið er eingöngu ætlar þeim sem eru aktívur í starfi landssambanda æskulýðsfélaga. HTF og AuG kanna hvort þær hafi áhuga.
- e) Ákveðið var að tilnefna SSE saki um að fara á World Youth Conference í Mexíkó í ágúst fyrir hönd LÆF. Einnig ákveðið að segja frá ráðstefnunni og möguleikum um að komast á hana í póstlista.

9. Bréf og önnur skjöl sem þarfnast afgreiðslu

UH sagði frá því að boð hefði komið á menntaþing þann 5. mars. Allir áhugasamir hvattir til að fara.

10. Önnur mál

- a) AuG sagði frá því að hún ætlaði að óska eftir skýrslu könnunar sem nemar í HR gerðu fyrir jól og LÆF fékk tækifæri á að senda inn spurningar í.

- b) SSE sagði frá því að hann hefði verið beðin um að fjalla um æskulýðsmál og aðkomu ungs fólks að Sóknaráætlun 20/20 á opnum fundi um æskulýðsmál hjá Ungu jafnaðarmönnum. Nokkuð rætt um hvaða pól væri best að taka í hæðina í erindinu.
- c) HTF sagði frá því að byrja þyrfti að huga að skipulagningu á ÞUF, sérstaklega hvað varðar fjármögnun.
- d) Rætt var um næsta fulltrúaráðsfund. Ákveðið að halda hann þriðjudaginn 2. mars kl. 19:00. Rætt um málefni á fundinum. HTF falið að gera uppkast að dagskrá og senda stjórn.

Ekki var fleira rætt á fundinum og fundi slitið kl. 12:36

Fundargerð ritaði:

Hildur Tryggvadóttir Flóvenz
framkvæmdastjóri